


# LESTRAR- RÁÐ



Skólaskrifstofa  
Austurlands

Unnið úr REDING  
ROCKETS <http://www.rea.dingrockets.org/>

## Lestrarráð fyrir foreldra - 2. bekkur

Finnið leiðir til að lesa, skrifa og segja sögur með barninu ykkar. Hvetjið það til að skrifa sögur.

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt og ná góðum tókum á lestrarnáminu og verða "góður lesari". Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

### Segið fjölskyldusögur

Börn elska að heyra sögur af fjölskyldunni. Talið um og segið frá skemmtilegum atburðum frá æsku ykkar.

### Aðgangur að skriffærum og blöðum

Hafið alltaf tiltæk skriffæri og blöð (það má líka skrifa í tölvunni) aðgengileg fyrir barnið. Finnið tækifæri fyrir barnið að skrifa s.s. innkaupalista, boðsbréf eða þakkarbréf.

### Vertu aðdáandi númer 1

Biddu barnið að lesa fyrir þig allt sem það skrifar í skólanum. Vertu áhugasamur og góður HLUSTANDI.


### Les aftur erfið orð

Þegar barnið hefur hljóðað sig í gegnum óþekkt/erfitt orð, biddu það að lesa setninguna aftur. Oft eru börn svo upptekin við að hljóða sig í gegnum orðin að þau tapa skilningnum við lesturinn.

## Semjið bók saman

Brjótið A-4 blað saman í "bókabrot". Biðjið barnið að skrifa setningar á hverja blaðsíðu og útskýra setninguna/frásögnina. Ræðið um "bókina/textann".

## Búið til sögu í frítímanum

Notið tímann í bílnum eða ferðalaginu og búið til sögu, hún getur verið myndin, spennandi, sorgleg, upplifun af ferðalaginu eða draugasaga! 

## Skóðið samhengi milli orða

Útskýrið og skóðið hvernig "eins" orð hafa sömu stafsetningu og/eða mismunandi merkingu. *Malli/malli: Malli (sérnafn) malli (magi). Slóði: vegarslóði, vera latur eða sóðalegur.*

## Gátlisti

Búið til gátlista vegna ritunar. T.d. þegar barnið hefur skrifað sögu, er hægt að búa til og kíkja á gátlista. *"Byrjar setning alltaf á stórum staf? Byrja sérnöfn á stórum staf? Er upphaf, miðja og endir í sögunni?"*

## Hratt - hratt

Æfið ný orð sem barnið hefur lært/æft í skólanum t.d. 100 algengustu orðin. Hægt er að skrifa þau á spjöld og fletta og segja orðið eins hratt og barnið getur. Einnig er hægt að skrifa þau í spjald/tölvuna og lesa eins hratt og hægt er, jafnvel að taka tímann hve lengi barnið er að lesa t.d. 20 orð. Þetta hjálpar barninu að byggja upp sjálfvirkni í lestri.

**GANGI YKKUR VEL:)**

